

Nd.

277. Nefndarátt

um frv. til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og ræður hún hv. deild til að samþykkja það með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 1000 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenn-
ing, sem aðganga er seld að.
2. Við 3. gr. a-liður orðist svo:
Ódýrir, fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fje, svo sem
stúdentafjelagsfyrirlestrar.
3. Við 6. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
Ríkið leggur til ókeypis lóð á Arnarhólstúni.

Alþingi, 5. apríl 1923.

Þorsteinn Jónsson,
form. og frsm.

Gunnar Sigurðsson,
fundaskrifari.

Sigurður Stefánsson. Magnús Pjetursson. Einar Þorgilsson.